

AÐALFUNDUR FORELDRAFÉLAGS ÁLFTANESSKÓLA

HALDINN Í MATSAL SKÓLANS MIÐVIKUDAGINN 13 SEPTEMBER 2023
KL 19:30

Haut 2023

Dagskrá



- Skýrsla stjórnar v/ 2022-2023
- Ársreikningur v / 2022-2023
- Hlutverk bekkjarfulltrúa
- Hlutverk Grunnstoða
- Hlutverk foreldrafélags
- Kosning nýrrar stjórnar

Skólaárið 2022-2023

Skýrsla / samantekt stjórnar.

Síðastliðið haust var tileinkað fræðslu

Haustbréf foreldrafélagsins var sent út í byrjun skólaárs til allra forráðamanna. Það fréttabréf var fullt af fróðleik fyrir forráðamenn til að leita sér upplýsinga um þau mál sem kunna að brenna á þeim ásamt tenglum á margvíslegan fróðleik.

Foreldrafélagið byrjaði skólaárið með opnum fyrirlestri um ADHD sem bar heitið "Hvað er ADHD" og var hann haldinn í matsal skólans 19 sept. Mjög góð mæting var á þann fund og boðið var upp á kaffi og léttar veitingar. Mikil ánægja var með fyrirlesturinn og setti foreldrafélagið svo link á fésbókarsíðu sína inná þann fyrirlestur.

Seinni fyrirlestur haustsins var í október og var um einelti og bar fyrirlesturinn heitið "stoppum neteinelti" sem Sema Erla aðjúnkt hélt listilega vel. Eins og áður vel mætt og mikil ánægja meðal fundargesta. Hér setti foreldrafélagið einnig inn link á síðu sína fyrir þá sem vilja skoða síðar.

Foreldrafélagið lokaði svo fyrri hluta skólaársins með jólaföndrinu sem var haldið þann 24 nóvember í matsal skólans og var frábærlega vel mætt og gríðarlega mikil ánægja var með þennan vonandi árlega viðburð foreldrafélagsins.

Foreldrafélagið styrkti Álftamýri, frístundaheimili skólans, með einum góðum poka af garni fyrir handaprygn barnanna sem var að slá í gegn.

Skólaárið 2022-2023

Skýrsla / samantekt stjórnar.

Í janúar mánuði voru allir slakir að njóta og ná sér eftir jólaskemmtanir og fjörið sem jóluðum fylgir.

Foreldrafélagið styrkti Öskudagsskemmtun 10. bekkjar sem haldin var í mars mánuði en venja er fyrir því að félagið styrki þá frábæru skemmtun sem er fyrir allan skólann. Styrkurinn felst í greiðslu hoppukastala til helminga á móti skólanum. Hér stóðu 10. bekkingar og bekkjarfulltrúar sem og foreldrar þeirra sig alveg frábærlega og mikil ánægja var með daginn.

Foreldrafélagið styrkti einnig að hluta útgáfu árbókar 10. bekkinga en sá styrkur fólst í að greiða hluta af útprentun bókarinnar. Frábært framtak 10. bekkinga sem vonandi verður framhaldið næstu árin.

Hið árlega páskabingó var svo haldið í boði foreldrafélagsins með ómetanlegum fjárstyrk Lions klúbbsins á Álftanesi þann 29. mars við mikla gleði og hamingju. Gífurlega vel mætt og bingóið fór vel fram.

Fréttarit foreldrafélagsins sent út á FB síðu félagsins sem og í gegnum Mentor á alla skráða forráðamenn.

Ársreikningur Foreldrafélags Álftanesskóla 2022-2023

Staða reiknings
24.8.2022: 448.869
12.9.2023: 395.679

Álftanes, september 2023

Skoðunaraðilar reiknings:
Eva Dögg Guðmundsdóttir
Snorri Marteinnsson

Tekjur:

Félagsgjöld	364.500
Jólafondur	273.976
Styrkur frá Lions fyrir páskabingó	100.000
Páskabingó	539.555
Aðrar tekjur	0
Vextir	2.086
	1.280.117

Gjöld:

Aðalfundur sept. 2022 - Veitingar	11.496
Fyrirlestur okt. 2022 - ADHD samtökin	82.412
fyrirlestur um neteinelti, nóv. 2022 – Sema Erla	70.000
Fyrirlestur, sept. 2023 - Sigurður Ragnar Eyjólfsson	100.000
Jólafondur – Föndurvörur og aðföng f. veitingar	213.285
Öskudagur - Hoppukastali	68.750
Páskabingó - páskaegg, veitingar, skiptimynt ofl.	251.895
Páskabingó - Fjáröflun 8. bekkur	193.830
Styrkur v. Árbókar 10b.	84.000
Gjafabréf til Elítunnar og Álftamýris	120.000
Gjafabréf til Álftanesskóla	100.000
Blómvöndur fyrir Auði f.v. forstöðumanns Álftamýris	9.430
Annar kostnaður (þj.gjöld ofl.)	28.209
	1.333.307

Tap, (hagnaður ársins)

-53.190

Staða reiknings 12.09.2023

395.679

Uppgjör

Reikningar árganga í vörslu Foreldrafélags Álftanesskóla

Árgangur 2007 – xxxx-xx-xxx487
12.09.2023
Staða: kr. 1

Árgangur 2008 – xxxx-xx-xxx484
12.09.2023
Staða: kr. 609

Árgangur 2009 – xxxx-xx-xxx485
12.09.2023
Staða: kr. 193.837

Árgangur 2010 – xxxx-xx-xxx483
12.09.2023
Staða: kr. 11

Árgangur 2011 – xxxx-xx-xxx486
12.09.2023
Staða: kr. 318

Jóla- og góðgerðardagur
12.09.2023
Staða: kr. 1.123

Bekkjarfulltrúar

Hlutverk bekkjarfulltrúa er mjög mikilvægt og er eftirfarandi;

1-Stuðla að skipulögðu bekkjarstarfi í samstarfi við foreldra, nemendur og umsjónarkennara að lágmarki 2x á ári. Umsjónarkennarar þurfa ávallt að vera upplýstir og boðið að taka þátt.

2-Stuðla að góðu samstarfi við aðra bekkjarfulltrúa í sama árgangi.

3-Að bekkjarskemmtun sé tækifæri fyrir foreldra og börn að hittast og kynnast. Best er að halda þær sem með minnstum tilkostnaði.

4-Að sjá til þess að ný börn og foreldrar séu boðin velkomin og upplýst um starfið og samfélagsmiðla.

5-Eru tengiliðir við stjórn og miðla upplýsingum frá stjórn til sinna árganga sem og öfugt ef við á.

6- Halda utan um facebooksíðu árgangsins og uppfæri þær í samræmi við breytingar á bekkjarlistum.

7- Þurfa að vera til taks ef foreldrafélagið kallar eftir aðstoð.

8- Notaðu og uppfæra hugmyndabankann inná heimasíðu skólans
<http://www.alftanesskoli.is/foreldrar/foreldrafelag/bekkjarfulltruar/>



Grunnstoðir

Í Grunnstoð Garðabæjar eiga sæti fulltrúar foreldrafélaga í Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandsskóla, Alþjóðaskólanum á Íslandi og Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Grunnstoð (áður Svæðisráð foreldrafélaga í grunnskólum Garðabæjar) hittist að jafnaði fimm sinnum á starfstíma skóla og ræðir sameiginleg málefni skólanna. Tilgangur Grunnstoðar er að efla rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum.

Samstarfið auðveldar foreldrafulltrúum að vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál. Grunnstoð er í samstarfi við Heimili og skóla – landssamtök foreldra.

Í Grunnstoð Garðabæjar eiga sæti fulltrúar foreldrafélaga í Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Sjálandsskóla, Alþjóðaskólanum á Íslandi og Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Foreldrafélag velur sína fulltrúa úr sinni stjórn ár hvert.



Foreldrafélag

Í Álftanesskóla starfar Foreldrafélag Álftanesskóla.

Allir foreldrar og forráðamenn sem eiga börn í skólanum eru sjálfkrafa félagsmenn í Foreldrafélagi Álftanesskóla.

Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna.

Markmiðinu hyggst félagið m.a. ná með því að:

- skapa samstarfsvettvang fyrir foreldra sem eiga börn í skólanum
- efla tengsl heimilis og skóla
- stuðla að velferð nemenda skólans
- koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál
- veita skólanum lið svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma
- veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum
- efla samstarf við foreldrafélög í öðrum skólum í Garðabæ í gegnum Grunnstoð sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ



Stjórn skólaársins 2022-2023

Formaður- Eva Dögg Guðmundsdóttir

Varaformaður- María Sturludóttir

Gjaldkeri- Bergrós Guðmundsdóttir

Ritari- Ragnhildur Skúladóttir

Meðstjórnandi / grunnstoð og upplýsingafulltrúi- Hera Dögg
Hjaltadóttir

Varamaður- Bryndís Pétursdóttir

Varamaður- Hafdís Sævarsdóttir


Varamaður/ Grunnstoðir- Heleen Vaher


Varamaður- Snorri Marteinsson



Kosning nýrrar stjórnar

- ▶ Snorri Marteinnsson situr áfram í stjórn félagsins
- ▶ Kjósa þarf fimm aðila til viðbótar í stjórn félagsins
- ▶ Þegar ljós er komið hver formaður nýrrar stjórnar verður mun fráfarandi stjórn koma öllum aðgöngum að FB, pósthfangi félagsins og þess háttar á þann aðila sem upplýsir og kemur áfram á sína stjórn og í framhaldi tekur eldri stjórn út af aðgöngum.
- ▶ Ný stjórn mun einnig í framhaldi upplýsa stjórnendur skólans hvernig nýrri stjórn verður háttað.





Þúsund þakkir fyrir komuna og fráfarandi stjórn þakkar
kærlega fyrir sig.

Foreldrafélag Álftanesskóla

Foreldrafelag@alftanesskoli.is

Eva Dögg Guðmundsdóttir
Formaður